

3.fundur hreppsnefndar Árneshrepps 2022 haldinn á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði miðvikudaginn 13.apríl kl. 14:00.

Mætt eru Guðlaugur A. Ágústsson Steinstúni, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Björn G. Torfason Melum 1, Úlfar Eyjólfsson Krossnesi og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins;

1. Ársreikningar sveitarfélagsins fyrir árið 2021, fyrri umræða.
2. Römpum upp Ísland, lagt fram til kynningar og ákvarðanatöku.
3. Gjaldskrá fyrir sorphirðu og rotþróatæmingu, lögð fram til kynningar og afgreiðslu.
4. Önnur mál.

1.Ársreikningar ársins 2021, fyrri umræða. Halldóra hjá Kpmg fór yfir ársreikninginn, skýrslu og áritun oddvita og sveitarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og stöðuna í lok árs og sjóðsstreymisyfirlit. Ákveðið var að fara yfir “Drög að endurskoðunarskýslu” við seinni umræðu. Þar með lauk fyrri umræðu um ársreikninga Árneshrepps og þeim vísað til seinni umræðu.

2.Römpum upp Ísland, lagt fram til kynningar. Margir staðir eru í sveitinni sem nauðsynlegt er að skoða í þessu samhengi, skólinn, samkomuhúsið, verslun, kaffihús og gististaðir. Hreppsnefnd er mjög jákvæð fyrir því að taka til hendinni í þessum málum.

3.Gjaldskrá fyrir sorphirðu og rotþróatæmingu, lögð fram til kynningar. Oddviti lagði fram nýja gjaldskrá fyrir Árneshrepp og var hún samþykkt af hreppsnefnd og verður því send til birtingar í Stjórnartíðindum b-hluta sem fyrst.

4.Önnur mál.

a)Kristmundur Kristmundsson á Gjögri hefur samþykkt að taka að sér að viðgerðir við höfnina sem þarf að ljúka áður en strandveiðar hefjast.

b)Jón Gunnsteinsson hefur samþykkt að taka að sér að gera við og þétta vatnstankinn, og endurnýja lagnir að og frá tanknum.

c)Eldstoðir ehf, hefur samþykkt að taka út atvinnuhúsnæði fyrir hreppinn og stefnir á að koma fyrir lok apríl. Það verður tilkynnt nánar þegar þar að kemur.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl.15:30.

